NÁMSGREIN: STÆRÐFRÆÐI
KENNSLUYFIRLIT – 6.BEKKUR

Kennsluhættir: Sex kennslustundir á viku. Kennt er í lotum eftir viðfangsefnum. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinnu. Ítarefni á netinu.
Námsþættir: Tölur og reikningur, líkur, tugabrot, rúmfræði, mælingar, almenn brot, margföldun og deiling, hnitakerfi og hlutföll.
Námsmat: Verður byggt á verkefnaskilum, heimanámsskilum og virkni í tímum. Einnig verða lagðar fyrir kannanir eftir hvern kafla.
Námsgögn: Stika 2A og 2B, nemendabók og æfingahefti og ítarefni frá kennara.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Lota 1.	Stika 2a Tölur og reikningur.	Einstaklingsvinna, heimavinna, innlögn, umræða, reiknað á töflu, nemendur vinna samkvæmt áætlun	Raðar ræðum tölum eftir stærð og útskýrir tengsl þeirra við heiltölur. Getur nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með ræðum tölum. Nýtt sér námundun við útreikninga á heiltölum og tugabrotum. Nýtt sér reiknireglur, tengsl reikniaðgerða og forgangsröð aðgerða við útreikninga.	Leiðsagnarmat og kaflapróf.	Tugakerfið, námundun slumpureikningur negatífar tölur. talnarunur.
Lota 2.	Stika 2a Líkur	Einstaklingsvinna, heimavinna, umræða og reiknað á töflu. Nemendur vinna samkvæmt áætlun. Farið yfir vafaatriði, nemendur fá tækifæri til að sýna fram á getu sína og kunnátu.	Reiknað út líkur í einföldum tilvikum. Safnar og vinnur úr gögnum og miðlar upplýsingum um þau með fjölbreyttum hætti. Dregur ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og ber saman við fræðilegar líkur.	Leiðsagnarnám og kaflapróf.	Tilviljanir, óvissa, möguleikar.
Lota 3.	Stika 2a Tugabrot	Einstaklingsvinna, heimavinna, innlögn, umræða, reiknað á töflu, nemendur vinna samkvæmt áætlun.	Nýtir sér námundun við útreikninga á heiltölum og tugabrotum. Notar tugakerfisrithátt og sýnir skilning á sætiskerfi við ritun tugabrota. Setur fram hlutfall sem almenn brot, tugabrot og prósentur og beitir þeim við rauntengd viðfangsefni.	Leiðsagnarnám og kaflapróf.	Tíundi hluti, hundraðshlutar, þúsundustu hluta, talnamynstur.

			Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs.		
Lota 4.	Stika 2a Rúmfræði	Einstaklingsvinna, heimavinna, innlögn, umræða, reiknað á töflu, nemendur vinna samkvæmt áætlun.	Notar hugtök rúmfræðinnar til að lýsa eiginleikum, hversdagslegra og fræðilegra fyrirbrigða. Rannsakar og greinir tvívíð og þrívíð form, teiknar einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir og notar til þess mælikvarða og einslögun. Beitir tengslum milli lengdar-, flatar-, rúmmáls-, tíma- og massaeininga metrarkerfisins innbyrðis. Áætlar, mælir og reiknar hornastærðir, ummál og flatarmál marghyrninga og gráður í hringgeira. Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs. Áætlar og reiknar rúmmál og yfirborðsflatarmál þrístrendings,réttstrendings og píramída.	Leiðsagnarnám og kaflapróf.	Þrívíðir hlutir, tvívíð form, þrívíð form, Sívalíngur, keila,pýramídi, strendingur, kúla, teningur.
Lota 5	Stika 2b Mælingar	Einstaklingsvinna, heimavinna, innlögn, umræða, reiknað á töflu, nemendur vinna samkvæmt áætlun	Áætlar og mælir massa, lengd, rúmmál, hraða, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregur ályktanir af mælingunum. Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum. Nýtir sér reiknireglur, tengsl reikniaðgerðanna og forgangsröð aðgerða við útreikninga. Beitir jafngildi milli ólíkra tímaeininga til að ákvarða liðinn tíma af nákvæmni.	Leiðsagnarnám og kaflapróf.	Þyngd, mælieiningar, g, hg, kg, og tonn. rúmmál, rúmsentimetrar, rúmdesimetrar, rúmmetrar.

Lota 6	Stika 2b Almenn brot	Einstaklingsvinna, heimavinna, innlögn, umræða, reiknað á töflu, nemendur vinna samkvæmt áætlun	Setur fram hlutfall sem almenn brot, tugabrot og prósentur og beitir þeim við rauntengd viðfangsefni. Vinnur skipulega, einstaklingslega og í samvinnu, að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að kanna, rannsaka, greina og meta. Leysir þrautir og rökstyður svör sín.	Leiðsagnarnám og kaflapróf.	almenn brot, stytting og lenging brota, jafngild brot.
Lota 7	Stika 2b Margföldun og deiling	Einstaklingsvinna, heimavinna, innlögn, umræða, reiknað á töflu, nemendur vinna samkvæmt áætlun	Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtir þau af nákvæmni við útreikninga og yfirfærir milli táknmáls og daglegs máls. Þróar hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum. Tjáir sig um stærðfræði, útskýrir hugsun sína fyrir öðrum og spyr spurninga til að leita lausna. Reiknar með óþekktum stærðum í einföldum tilvikum.	Leiðsagnarnám og kaflapróf.	Reikningsaðferðir, dæmi úr daglegu lífi, hugareikningur.
Lota 8	Stika 2b Hnitakerfi og hlutföll	Einstaklingsvinna, heimavinna, innlögn, umræða, reiknað á töflu, nemendur vinna samkvæmt áætlun	Les, útskýrir og túlkar gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum. Hliðrar, speglar og snýr flatarmyndum, t.d. við rannsóknir á mynstrum. Notar rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi, teiknar og staðsetur punkta í hnitakerfi. Nýtir sér stærðfræði til að takast á við verkefni er tengjast helstu hugtökum persónulegra fjármála og heldur utan um eigin fjármál.	Leiðsagnarnám og kaflapróf.	hnitakerfi, speglun, mælikvarði, skurðpunktur.